

**Ragnheiður M. Guðmundsdóttir
Karl Fannar Gunnarsson
Sigurgrímur Skúlason
Július K. Björnsson**

**Próf í íslensku
fyrir umsækjendur
um ríkisborgarárétt**

Skýrsla um framkvæmd og niðurstöður prófa árið 2009



Inngangur og aðdragandi

Í þessu skjali er gerð grein fyrir undirbúningi, framkvæmd og niðurstöðum íslenskuprófs fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt fyrir árið 2009. Námsmatsstofnun og dómsmálaráðuneytið gerðu samning um framkvæmd þessa verkefnis veturinn 2008. Í þeim samningi kemur eftirfarandi fram:

1. Komið skal á fót samstarfsnefnd Námsmatsstofnunar og þeirra aðila sem annast íslensku kennslu fyrir útlendinga sem hafi það verkefni að skilgreina nánar og aðgerðabinda þær kröfur sem gerðar eru til nemenda að loknu 240 stunda námi í íslensku fyrir útlendinga skv. námskrá menntamálaráðuneytisins og vera til ráðuneytis varðandi prófverkefnagerð.
2. Smíðað skuli viðeigandi próftæki miðað við þær kröfur sem gerðar eru eftir 240 stunda nám í íslensku fyrir útlendinga sem gefi upplýsingar um hvort próftaki standist þær kröfur eða ekki.
3. Haldin skuli próf fyrir þá sem þess æskja a.m.k. tvisvar sinnum á ári.
4. Skrifuð skuli skýrsla um niðurstöður prófana ársins og henni skilað árlega.

Í samningnum er jafnframt kveðið nánar á um innihald verksins og þar kemur fram að verktaki skuli:

1. Sjá um skilgreiningar og gerð prófverkefna.
2. Setja saman og ganga frá prófi.
3. Ráða og þjálfa prófendur.
4. Skipuleggja hvar og hvenær próf skuli haldin.
5. Innheimta prófgjald (skv. ákvörðun dómsmálaráðuneytisins).
6. Vinna úr og skila niðurstöðum prófana til próftaka og samantekt hverrar prófalotu til dómsmálaráðuneytis.
7. Skrifa skýrslu um prófanirnar, þar sem fram komi eiginleikar og frammistaða þeirra sem þreytt hafa prófið á ákveðnu tímabili, samantekt um eiginleika prófsins sjálfss, áreiðanleika og réttmæti og aðrir próffræðilegir eiginleikar prófsins og verkefnanna, að svo miklu leyti sem það er unnt.

Áður en vinna við gerð prófsins hófst var að störfum nefnd á vegum dómsmálaráðuneytis sem skilgreindi þær kröfur sem gera á til próftaka. Nefndin lagði til að miðað skyldi við námskrá í íslensku fyrir útlendinga sem menntamálaráðuneytið gaf nýlega út og skyldu kröfurnar miðast við þá kunnáttu sem nemendum er ætlað að hafa náð eftir 240 stunda nám í íslensku. Viðmiðin eru eftirfarandi:

Próftaki:

- geti bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi.
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður.
- hafi öðlast nægilegt vald á orðaforða til þess að geta tekið þátt í umræðum um kunnugleg málefni.
- geti skilið einfaldar samræður á milli manna.
- geti lesið stutta texta á einföldu máli um kunnugleg efni.
- geti skrifað stuttan texta á einföldu máli um kunnugleg efni.
- geti greint aðalatriði í ljósvakamiðlum, sjónvarpi og útvarpi þegar um kunnuglegt efni er að ræða.

Jafnframt lagði nefndin til að gert yrði svokallað skimunarpróf sem hefði það einfalda hlutverk að finna þá sem uppfylltu framangreind skilyrði en gerði ekki greinarmun á mismunandi mikilli kunnáttu í íslensku, að öðru leyti en að ákvarða hvort framangreind lágmarkshæfni væri til staðar. Því var ljóst að prófið myndi verða tiltölulega létt og að meiri hluti verkefna þess myndu beinast að því að mæla eins vel og hægt væri þessi viðmið og hvort lágmarkskunnáttu væri til staðar.

Ákveðið var að prófið yrði bæði munnlegt og skriflegt og prófaðir yrðu nokkrir meginþættir tungumálsins: Lesskilningur, hlustun á talað mál, ritun einfalds texta og einföld munnleg tjáning. Jafnframt var ákveðið að ekki yrðu gerðar lágmarkskröfur í hverjum þætti fyrir sig, heldur myndi samanlögð einkunn allra þáttanna ráða því hvort próftaki stæðist prófið eða ekki. Þannig gæti próftaki unnið upp slaka frammistöðu á einum þætti með öðrum.

Undirbúningur verksins

Undirbúningur íslenskuprófs fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt hófst í janúar 2009. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir var ráðin verkefnisstjóri. Sólborg Jónsdóttir íslenskukennari hjá Mími símenntun og Ingibjörg Hafstað íslenskukennari hjá Alþjóðahúsi voru til ráðgjafar við fyrstu skref undirbúningsins. Þær gáfu góð ráð varðandi val verkefna og settu fram hugmyndir að prófverkefnum.

Samning prófverkefna

Ákveðið var að prófa fjóra þætti íslenskunnar, lesskilning, hlustun, ritun og tal og að allir þættir hefðu sama vægi. Í júní voru samdar átta ólíkar útgáfur af prófinu en þess gætt að allar útgáfurnar væru sambærilegar að þyngd. Því voru nokkrar sambærilegar útgáfur í notkun í hverri prófalotu en allir sem tóku prófið samtímis fengu þó sama hlustunarverkefni.

Verkefnisstjóri samdi flest prófverkefnin með hliðsjón af þeim hugmyndum sem bárust frá Ingibjörgu og Sólborgu. Sólborg las síðan yfir lokagerð prófanna með verkefnisstjóra og svíðsstjóra prófadeildar og kom með góðar og gagnlegar ábendingar. Sömu prófin voru lögð fyrir í desember með þeirri breytingu að annar lesskilningstextinn var lengdur um tæpan helming, í um 180 orð. Spurningafjöldinn var sá sami og áður. Þetta var gert til að fá nákvæmari mælingu á lesskilningnum.

Lesskilningur:

Tveir stuttir textar, 100-120 orð hvor; fimm fjölvallssprungar með þremur valmöguleikum úr hvorum texta. Annar textinn fjallaði um daglegt líf fólks og hinn um stað sem hægt væri að heimsækja í frítíma sínum. Í desember var annar textinn lengdur í um 180 orð til að fá nákvæmari mælingu.

Hlustun:

Hlustun var sett saman úr þremur þáttum: Samtal milli karls og konu. Þar voru fimm fjölvallssprungar með þremur valmöguleikum. Síðan voru tveir stuttir lesnir textar með fimm fjölvallssprungum alls.

Ritun:

Í ritun voru tvö verkefni. Annars vegar áttu próftakar að lýsa því sem var að gerast á mynd. Hins vegar átti að segja frá einhverju tilteknu atriði í daglegu lífi. Í báðum verkefnum átti að skrifa a.m.k. fimm setningar.

Tal:

Tal var hinn munnlegi þáttur prófsins. Í þessum prófhluta fékk próftaki það verkefni að lýsa fimm einföldum myndum og segja eina setningu um hverja þeirra. Síðan átti að ræða um ákveðið umræðuefni og fullt var gefið fyrir að segja fimm heilar setningar. Prófendur voru

þjálfaðir í að haga munnlega prófinu eins staðlað og mögulegt var, en höfðu samt svigrúm til þess að leyfa próftökum að sýna getu sína. Þjálfuninni var ætlað að samræma prófendur, hvað þeir segðu og hvernig þeir höguðu sér þannig að allir próftakar sætu við sama borð. Öll samtöl voru tekin upp til þess að hægt væri að skoða þau síðar ef vafamál kæmu upp og til þess að hjálpa við frekari úrvinnslu. Prófendur voru: Gunnhildur Guðbjörnsdóttir, Soffía Bæringsdóttir og Auður Aðalsteinsdóttir.

Framkvæmd prófs

Áður en prófanir hófust voru prófendur þjálfaðir í fyrirlögn munnlega prófhlutans.

Í júní fór prófunin fram í Menntaskólanum í Kópavogi vikuna 8.-12. júní. Prófað var í tíu hópum, klukkan 8 og 13 hvern dag vikunnar og voru um 20 manns í hverjum hópi. Í haust fór prófunin fram með sama hætti og á sama stað, 30. nóvember til 4. desember klukkan 8:15 og 13:15. Í desember voru fleiri próftakar þannig að í hverjum hópi voru um 25 manns. Verkefnisstjórinn (RMG) sá um skriflegar prófanir. Byrjað var á skriflegu prófi og gert ráð fyrir að það tæki ekki lengri tíma en eina klukkustund. Í hverri fyrirlögn voru nokkrar gerðir af skriflega prófinu en hver hópur fékk sama hlustunarverkefnið sem spilað var af geisladiski í upphafi prófsins. Próftakar máttu skila prófinu og yfirgefa stofuna um leið og þeir voru búnir og voru þeir fljótstu um 30 mínútur að ljúka prófinu. Þá beið þeirra munnlegt próf sem fór fram í næstu kennslustofum.

Í júní var ákveðið að prófa einnig á Akureyri þar sem próftakar þar reyndust við nánari skoðun vera nægilega margir til þess að prófun þar bæri sig fjárhagslega. Gekk prófunin þar mjög vel og var áberandi hve andrúmsloft þar var rólegra og próftakar minna kviðnir en í prófunum í MK. Má líklega rekja þetta til þess að prófað var í Alþjóðahúsi á Akureyri þar sem flestir próftakar voru heimavanir. Prófendur frá Námsmatsstofnun sáu einnig um prófunina á Akureyri. Í desember var prófað á sama stað á Akureyri, en jafnframt á Egilsstöðum og Ísafirði. Á Egilsstöðum var prófað í þekkingarneti Austurlands og á Ísafirði í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Prófendur frá Námsmatsstofnun sjá um prófunina úti á landi.

Þessi framkvæmd gekk vel; próftakar mættu flestir stundvíslega og margir voru fljótir að ljúka skriflega prófinu, þó að vissulega væru nokkrir í hverjum hópi sem þurftu að nota allan tímann, þ.e. heila klukkustund. Tíminn í munnlega prófinu nýttist vel og tók það skemmri tíma í heild en gert hafði verið ráð fyrir.

Gera má eina athugasemd við framkvæmd prófsins í júní. Í upphafi var gert ráð fyrir að byrja skriflega prófið á hlustun. En stundum var það ekki hægt og þá var fólk byrjað að leysa prófið áður en hlustunin byrjaði. Þetta gat truflað suma sem voru byrjaðir að sökkva sér niður í önnur verkefni prófsins og voru viðkvæmir fyrir því að einbeiting þeirra væri rofin. Í desember var þessi annmarki lagaður með því að leyfa próftökum ekki að byrja að leysa skriflega prófið fyrr en að hlustun lokinni. Það gekk vel.

Niðurstöður prófs

Í prófalotu vorsins í júní voru próftakar 206 talsins, flestir búsettir á höfuðborgarsvæðinu, en skipting eftir landshlutum var eins og fram kemur í töflu 1. Í töflu 2 kemur fram aldursdreifing próftaka. Í desember voru próftakar 270.

Tafla 1. Fjöldi próftaka eftir landshluta

Landshlut	Júní		Desember		Samtals 2009		
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	
Höfuðborgarsvæðið	106	51,2	155	57,4	261	54,7	
Suðurnes	44	21,3	52	19,3	96	20,1	
Vesturland	7	3,4	7	2,6	14	2,9	
Vestfirðir	2	1,0	17	6,3	19	4,0	
Norðurland vestra	5	2,4	2	0,7	7	1,5	
Norðurland eystra	21	10,1	13	4,8	34	7,1	
Austurland	7	3,4	12	4,4	19	4,0	
Suðurland	12	5,8	12	4,4	24	5,0	
Vantar upplýsingar	2	1,4	0	0,0	3	0,6	
Samtals	206	100,0	270	100,0	477	100,0	

Tafla 2 sýnir skiptingu próftaka eftir aldri. Til einföldunar er aldur tekinn saman í fimm ára aldursbil (yngstu hóparnar þó teknir sér). Meginþorri þeirra sem þreyttu prófin voru á aldrinum 25 til 44 ára, tæp 80% próftaka. Einnig má benda á að innan þessa hóps er mjög stór hluti á aldrinum 30 til 34 ára, eða rúmur þriðjungur próftaka. Taka ber fram að vegna misskilnings tóku tvö börn prófið sem í raun hefðu ekki átt að þurfa að taka próf. Þau fengu endurgreitt prófgjaldið, en stóðu sig auðvitað með prýði á prófinu.

Tafla 2. Fjöldi próftaka eftir aldrí.


Aldur	Fjöldi	Hlutfall (%)
Yngri en 18	2	0,4
18 til 19	3	0,6
20 til 24	19	4,0
25 til 29	78	16,4
30 til 35	164	34,4
36 til 39	69	14,5
40 til 44	62	13,0
45 til 49	43	9,0
50 til 54	24	5,0
55 til 59	10	2,1
60 til 65	3	0,6

Í töflu 3 er birtur listi yfir allar spurningar prófsins í júní. Þar má sjá hvernig spurningar skiptast á milli prófhluta, þyngd þeirra og hversu margir svöruðu hverri þeirra rétt og rangt. Taflan sýnir að spurningarnar voru flestar mjög léttar þar sem flestir svare þeim rétt en þær þyngstu reyndust vera í hlustun og rituðu máli.

Tafla 3. Þyngd og svör við spurningum prófsins í júní.


	Sp. Nr	Fjöldi	Þyngd	0	1	2	3	4	5
Lesskilningur	Les_sp_01	206	0,96	9	197
	Les_sp_02	206	0,86	29	177
	Les_sp_03	206	0,92	17	189
	Les_sp_04	206	0,94	12	194
	Les_sp_05	206	0,96	8	198
	Les_sp_06	206	0,88	24	182
	Les_sp_07	206	0,85	30	176
	Les_sp_08	206	0,89	22	184
	Les_sp_09	206	0,86	28	178
	Les_sp_10	206	0,86	29	177
Hlustun	Hlust_sp_11	206	0,89	23	183
	Hlust_sp_12	206	0,73	55	151
	Hlust_sp_13	206	0,85	30	176

	Hlust_sp_14	206	0,72	57	149
	Hlust_sp_15	206	0,91	18	188
	Hlust_sp_16	206	0,77	47	159
	Hlust_sp_17	206	0,87	27	179
	Hlust_sp_18	206	0,76	49	157
	Hlust_sp_19	206	0,82	37	169
	Hlust_sp_20	206	0,72	57	149
Ritun	Ritað_sp_21	206	0,98	5	201
	Ritað_sp_22	206	0,95	10	196
	Ritað_sp_23	206	0,91	18	188
	Ritað_sp_24	206	0,81	40	166
	Ritað_sp_25	206	0,67	67	139
	Ritað_sp_26	206	0,95	10	196
	Ritað_sp_27	205	0,93	15	190
	Ritað_sp_28	205	0,90	21	184
	Ritað_sp_29	205	0,80	40	165
	Ritað_sp_30	205	0,73	55	150
Talað mál	Tal_sp_31	205	0,94	12	193
	Tal_sp_32	205	0,97	6	199
	Tal_sp_33	205	0,97	6	199
	Tal_sp_34	205	0,93	15	190
	Tal_sp_35	205	0,90	20	185
	Tal_sp_36	205	0,94	2	3	2	11	12	175




Mynd 1. Dreifing svara í lesskilningi.

Mynd 1 sýnir að meira en helmingur próftaka fá öll svör rétt í lesskilningi. Mest var hægt að fá 10 stig fyrir þennan prófhulta og eru einungis örfáir sem fá minna en 6 stig. Ýmislegt bent til þess að svör í þessum prófhulta hefðu að einhverju leyti verið tilviljanakennd hjá sumum í prófinu í júní, þar sem nokkuð var um að próftakar fengju mjög hátt í þessum hluta en fremur lágt í öllum öðrum prófhlutum. Í prófinu í desember var lengri lestexti notaður, eins og áður sagði, og virðist það hafa haft þau áhrif að mælingin varð nákvæmari og betri.




Mynd 2. Dreifing svara í hlustun.

Í hlustun var einna mest dreifing svara af öllum fjórum prófhlutum, svo sem sýnt er á mynd 2. Vísbendingar eru um að hér hafi áhrif prófaðstæðna verið allnokkur, og því hafi þessi hluti reynst mörgum frekar erfiður. Engu að síður fengu meira en helmingur próftaka 8 stig eða meira í þessum hluta.




Mynd 3. Dreifing svara í ritun.

Ritun er sól hluti prófsins þar sem dreifing reyndist vera minnst. Yfir tveir þriðju próftaka fá 8 stig eða hærra. Hér virðist því hafa verið um að ræða léttasta prófhlutann og þann hluta sem einna skýrast skilur á milli þeirra sem hafa góða færni og slaka.




Mynd 4. Dreifing svara í tali.

Hið sama á við um Tal og Ritun, hér eru ákaflega skýr mörk á milli slakrar og góðrar frammistöðu, þar sem meirihluti próftaka fær háa stigatölù á þessum prófhluta.



Mynd 5. Dreifing heildarstigatalna.

Þegar horft er á dreifingu heildareinkunnar sem sýnd er á mynd 5, sést að hér er á heildina litið um að ræða ákaflega létt próf sem mælir mest og best neðst í hæfniskvarðanum. Prófið greinir svo til ekkert á milli þeirra bestu, enda var því ekki ætlað það hlutverk. Það virðist því hafa tekist vel að búa til próf sem miðaði á þá lágmarkskunnáttu sem próftökum var gert að sýna fram á.



Mynd 6. Tímlengd prófunar á prófhlutanum tali (byggt á öryggisupptökum af prófunum).

Fyrirkomulag prófanna er með þeim hætti að þrír prófhlutar eru lagðir fyrir í hóp (lestur, hlustun og ritun) en prófhlutinn tal er einstaklingspróf. Því skiptir talverðu máli fyrir skipulag

að geta áætlað mótulegan fjölda próftaka í hverja prófflotu. Mynd 6 sýnir tímалengd prófunar á prófhlutanum tali. Hjá um 50% próftaka tók matið á tali fjórar eða fimm mínútur og hjá 25% til viðbótar tók þessi hluti sex eða sjö mínútur. Um 9% voru skemur og hjá um 15% tók prófunin lengri tíma, allt að 15 mínútum. Fjöldi próftaka í hverri lotu var aukinn milli sumar og vetrarprófana á grunni þessara gagna.

Innbyrðis tengsl prófhluta og fylgni þeirra við heildarstigatölum koma fram í töflu 4. Þar sést að fylgni hvers prófhluta við heildina er góð og bendir það til þess

Tafla 4. Fylgni prófhluta innbyrðis og við heildarstigatölum

	Heild	Lestur	Hlustun	Ritun	Tal
Heild		0,75**	0,69**	0,82**	0,76**
Lestur			0,40**	0,50**	0,48**
Hlustun				0,30**	0,34**
Ritun					0,56**
Tal					

** Marktæk fylgni við $p < 0,01$

að hér sé um að ræða mismunandi hliðar sömu færni. Jafnframt er innbyrðis fylgni prófhlutanna meðalhá og sýnir það að aðgreining þeirra er réttlætanleg og að nauðsynlegt er að skipta færninni á þann hátt sem hér var gert. Þó allir prófhlutarnir byggi á almennri færni í íslensku er samt greinilegt að þeir byggja að einhverju leyti á mismunandi kunnáttu í mismunandi þáttum. Það er því réttlætanlegt að notast í prófinu við eina heildareinkunn þar sem um mismunandi hliðar sömu færni er að ræða. Frekari greining á próffræðilegum eiginleikum prófsins mun fara fram síðar.

Áreiðanleiki kvarðanna var metinn með svokölluðum Cronbach Alpha stuðli sem reiknaður var fyrir prófið í heild og fyrir hvern prófhluta. Niðurstöður þeirrar greiningar koma fram í töflu 5.

Tafla 5. Áreiðanleiki.

Kvarði	Alpha
Heild	0,88
Lestur	0,66
Hlustun	0,70
Ritun	0,90
Tal	0,68

Áreiðanleiki prófsins í heild er mjög góður en áreiðanleiki kvarðanna nokkuð misjafn. Lægstur er hann í lesskilningi og hlustun. Endurspeglar þetta þá staðreynd sem áður var nefnd að niðurstöður lesskilningsins voru nokkuð tilviljanakenndar og helgast þetta líklegast

fyrst og fremst af því að ef einstaklingur er góður í lestri á sínu eigin tungumáli getur hann líklega giskað talsvert rétt í lesskilningsprófinu, jafnvel þótt íslenskukunnátta sé ekki góð. Bendir þetta einnig til þess að hugsanlega þurfi að lengja lesskilningshlutann og hlustunina eitthvað í næsta skipti sem prófið verður haldið. Eins og lýst var í kaflanum um framkvæmd prófsins urðu nokkrar truflanir í hlustunarhlutanum og því má hugsanlega rekja eitthvað af lágum áreiðanleika þess hluta til þeirra. Þetta var lagað með bættri framkvæmd á fyrirlögn prófsins.

Við ákvörðun þeirra viðmiðunarmarka, sem notast var við til þess að ákvarða hverjir próftaka stæðust viðmiðin, var viðhöfð sú aðferð að allir prófendur ásamt öðrum starfsmönnum Námsmatsstofnunar (JKB, KFG) fóru nákvæmlega yfir öll svör neðstu próftaka á prófinu. Metið var út frá innihaldi svaranna hvort viðkomandi stæðist kröfurnar sem tilgreindar eru í reglugerðinni um prófin. Þetta mat var síðan látið liggja til grundvallar ákvörðuninni um hvar mörkin skyldu liggja. Það er ljóst að erfitt er eða ómögulegt að setja algild endanleg mörk við sundurgreiningu af þessu tagi og því var staðalvilla mælingar (Standard Error of Measurement) einnig notuð til viðmiðunar, bæði fyrir einstaka prófhluta og prófið í heild.

Reyndust mörkin liggja nálægt eða um 25 samanlöögð stig á prófinu í heild, en taka ber fram að þegar þessi mörk eru notuð njóta próftakar alls vafa mjög verulega. Staðalvilla mælingar heildarstigatölu er 3,8 miðað við 95% öryggismörk og þannig má sjá að heildareinkunn þyrfti að vera 29 stig til þess að 100% öruggt væri að próftaki væri í öllum tilvikum yfir mörkunum. Að sama skapi má álykta að ef ákvörðun yrði tekin um að próftaki ætti að njóta vafans í öllum tilvikum mætti einkunnin fara niður í 21 stig samanlagt. Staðalvilla mælingar fyrir undirþætti er: Lesskilningur 1,7, Hlustun 2,2, Ritun 1,4 og Tal 1,6.

Próftakar sem fá minna en 25 stig standast ekki prófið.

Sömu viðmiðunarmörk voru notuð í júní og desember og var hegðun prófsins hin sama í bæði skiptin. Þó er ljóst nú að allir þeir sem töku prófið og liggja á mörkunum njóta vafans eins og áður sagði og því ætti hér að vera um mjög sanngjörn mörk að ræða. Fjöldi þeirra sem stóðust prófið kemur fram í töflu 6.

Tafla 6. Fjöldi próftaka sem stóðust og féllu árið 2009

Hópur	Fjöldi próftaka	Fjöldi sem stenst próf	Hlutfall (%)	Fjöldi sem fellur	Hlutfall (%)
Sumar	206	194	94,2	12	5,8
Vetur	270	248	91,8	22	8,1
Árið 2009	476	442	92,8	34	7,1

Í töflu 7 er sýnt hversu margir einstaklingar af hverju þjóðerni standast prófið. Af persónuverndarsjónarmiðum er einungis sýnd niðurstaða fyrir hvert fæðingarland ef fjöldi próftaka frá því landi er fleiri en 11. Þau lönd þar sem fjöldinn er 11 eða lægri eru tekin saman í safnflokka sem byggðir eru á heimsálfum landanna.

Tafla 7. Fjöldi einstaklinga eftir löndum/álfum.

Land	Staðið	Fallið	Samtals
Afríka	38	2	40
Evrópa	94	3	97
Asía	36	2	38
Norður-Ameríka	19	0	19
Suður-Ameríka	23	3	26
Filippseyjar	51	4	55
Indland	12	0	12
Pólland	46	4	50
Rússland	12	0	12
Serbía	31	1	32
Taíland	41	7	48
Úkraína	16	0	16
Vietnam	21	8	29
Annað	2	0	2
Samtals	442	34	476

Taflan sýnir að próftakar frá sumum löndum virðast standa betur að vígi en aðrir og sérlega virðast þeir sem koma frá Suð-Austur Asíu eiga erfitt með að tileinka sér íslensku eða ráða illa við prófkringumstæðurnar. Þó eru hér á undantekningar svo sem Taíland en þeir einstaklingar sem þaðan koma standa sig að öllu jöfnu mjög vel á prófinu. Í töflu 8 er listi yfir öll hin 81 fæðingarlönd próftaka og sýnir hún vel þann fjölbreytta bakgrunn sem er í þeim hópi einstaklinga sem tóku íslenskuprófið.

Tafla 8. Fæðingarlönd próftaka

Angóla	El Salvador	Írak	Litháen	Senegal	Tékkland
Aserbaidjan	Eþíópía	Íran	Marokkó	Serbía	Túnis
Austurríki	Filippseyjar	Írland	Mexíkó	Simbabve	Tyrkland
Ástralía	Finnland	Ítalía	Mósambik	Slóvakía	Ungverjaland
Bandaríkin	Frakkland	Júgóslavía	Namibía	Sovétríkin	Úganda
Belgía	Gambía	Kambódia	Nepal	Spánn	Úkraína
Bosnía-Hersegóvína	Georgía	Kanada	Nígería	Srí-Lanka	Úruguay
Bólívía	Ghana	Kasakstan	Pakistan	Suður-Afríka	Úsbekistan
Brasilía	Grikkland	Kenía	Perú	Sviss	Venesúela
Bretland	Guyana	Kína	Portúgal	Svíþjóð	Víetnam
Búlgaría	Hondúras	Kosóvó	Pólland	Sýrland	Þýskaland
Chile	Hvíta-Rússland	Kólombía	Rúmenía	Tadjikistan	
Egyptaland	Indland	Króatía	Rússland	Taíland	
Eistland	Indónesía	Lettland	Sambía	Tansanía	

Samantekt

Framkvæmd íslenskuprófs fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt árið 2009 tókst að flestu leyti vel. Framkvæmdin í júní var að mestu hnökralaus og í desember voru hnökrarnir frá fyrstu framkvæmdinni sniðnir af. Fyrirmæli í próf þurftu að vera skýrari og skilmerkilegri þannig að ekkert truflaði og það gekk mjög vel í desember. Í júní var prófað á Akureyri en í desember á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði, til viðbótar við prófanir á höfuðborgarsvæðinu sem fram fóru í Menntaskólanum í Kópavogi.

Samning verkefna gekk vel og virðist þyngd þeirra og innihald hafa verið við hæfi fyrir skimumunarpróf. Prófið var þannig frekar létt og flest bendir til þess að það greini vel á milli þeirra sem uppfylla skilyrði námskrárinnar um hæfni eftir 240 stunda nám í íslensku fyrir útlendinga og hinna sem gera það ekki.

Talsverður breytileiki kom í ljós á milli prófhluta/hæfnispáttá, sérlega hjá þeim sem höfðu lökustu hæfnina og undirstrikar sú staðreynd það að sú nálgun sem valin var við fyrir gjöf frammistöðunnar reyndist vonandi vera sanngjörn gagnvart flestum. Það er skýrt að allmargir próftakar eru góðir í töluðu máli á sama tíma og þeir geta lítið sem ekkert í öðrum þáttum og sú nálgun sem valin var í þessu prófi virðist gefa möguleika á að bæta upp laka frammistöðu á einum þætti með öðrum, rétt eins og lagt var upp með. Þetta er í takt við anda laganna og reglugerðarinnar um prófið og undirstrikar þá staðreynd að þessu prófi er fyrst og fremst ætlað að vera hjálpartæki fyrir umsækjendur en ekki erfitt síupróf eins og tíðkast í sumum löndum.

